

11. Frumvarp

til laga um skiptameðferð á búi Sildareinkasölu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Búi Sildareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanevnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar. Skilanevnd kemur í stað stjórnar einkasölnunnar, og hefir samskonar vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina neina kröfu um gjaldprotaskipti á búi einkasölnunnar, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennar eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldprotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldprotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanevnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óselðrar sildar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt og má í reglugerð þessari víkja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasöluna gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Síld sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörzlum einkasölnunnar til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á síldinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölnunnar óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merking þeirrar sildar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar sildar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölnunnar í sambandi við samninga um sölu á síld, sem gerðir hafa verið af einkasölnunni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilanevndar til 1. maí 1932.

Að því er til þeirrar sildar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og

veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda, að svo miklu leyti, sem samrímnanlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnuáráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilaneftndarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum búans, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri síld, svo og lög nr. 60, 9. september 1931, um breyting á þeim lögum.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, visast til fylgiskjalsins hér á eftir.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um

skiptameðferð á búi Síldareinkasölu Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Atvinnu- og samgöngumálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að Síldareinkasala Íslands hafi orðið fyrir svo miklum óhöppum og tapi á yfirstandandi ári, að hagur hennar standi nú þannig, að eigi sé annað fyrirsjáanlegt, en að bú hennar hlyti bráðlega að verða að takast til gjaldþrotaskipta, ef eigi er önnur skipun gerð á um meðferð hennar. Telur hann óhjákvæmilegt að gera þegar í stað ráðstafanir í þessa átt, þar sem það sé allmiklum erfiðleikum bundið að skipta búi einkasölnnar með venjulegri gjaldþrotaskiptameðferð. Þar sem svo er ástatt, sem að framán greinir, teljum Vér brýna nauðsyn bera til þess að gefa út bráðabirðalög um þetta efni samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar frá 18. maí 1920. Því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Bú Sildareinkasölu Íslands skal tekið til skiptameðferðar. Skiptin framkvæmir skilanefnd tveggja manna, sem atvinnu- og samgöngumálaráðherra skipar. Skilanefnd kemur í stað stjórnar einkasölnunnar, og hefir samskonar vald og skyldur að því leyti sem við á.

2. gr.

Meðan skiptin standa yfir má hvorki taka til greina kröfu um gjaldþrotaskipti á búi einkasölnunnar, né leggja löghald eða löggeymslu á eignir hennar eða gera í þeim fjárnám, né aðra fullnustugerð.

3. gr.

Við skiptin skal farið eftir reglum þeim, er gilda við gjaldþrotaskipti um skuldajöfnuð, um ógildingu gerninga, fjárnáms eða löggeymslu og um skuldaröð. Öðrum ákvæðum skiptalaganna og laganna um gjaldþrotaskipti, þeim er eigi lúta að sjálfri skiptaaðferðinni, skal beitt eftir því sem unnt er.

4. gr.

Skilanefnd skal heimilt að taka lán, ef þörf gerist, til þess að standast nauðsynlegar greiðslur meðan á skiptunum stendur, svo sem flutningsgjöld og annan kostnað við ráðstöfun óselðrar sildar, enda verði þeir, sem slík lán veita, forgangskröfuhafar í búinu samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

5. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um skiptameðferðina, eftir því sem hinar sérstöku ástæður, sem fyrir hendi eru, kynnu að gera nauðsynlegt og má í reglugerð þessari vikja frá reglum þeim og venjum, sem um einkasöluna gilda, eftir því sem hentugt þykir.

Sild sú, sem veidd er eftir 15. nóvember 1931, og sem ekki er þegar í vörzlum einkasölnunnar til útflutnings, né hún hefir haft meðferð á, nema að því leyti, að umboðsmenn hennar kynnu að hafa framkvæmt skoðun á sildinni til útflutnings, sbr. 14. gr. laga nr. 61, 14. júní 1929, er búi einkasölnunnar óviðkomandi. Setur atvinnumálaráðherra reglur um flokkun, mat og merking þeirrar sildar, eftir því sem þurfa þykir. Þó er útflutningur þessarar sildar því aðeins heimill, að hann komi eigi í bága við hagsmuni bús einkasölnunnar í sambandi við samninga um sölu á sild, sem gerðir hafa verið af einkasölnunni áður en lög þessi öðluðust gildi, og þarf til slíks útflutnings leyfi skilanefnar til 1. maí 1932.

Að því er til þeirrar sildar kemur, sem einkasalan hefir til umráða og veidd er fyrir miðjan nóvember 1931, koma téð lög, nr. 61, 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild, og reglugerð, sem sett hefir verið samkvæmt þeim, aðeins til framkvæmda, að svo miklu leyti, sem samrímánlegt er skiptameðferðinni og reglum þeim, sem atvinnumálaráðherra kann að setja um hana.

6. gr.

Kostnaður allur við skiptin, þar á meðal laun skilaneftarmanna, greiðist sem forgangsskuld af eignum húsin, samkvæmt 82. gr. skiptalaganna.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað. Falla þá jafnframt úr gildi, að öðru leyti en í 5. gr. segir, lög nr. 61. 14. júní 1929, um einkasölu á útfluttri sild, svo og lög nr. 60, 9. september 1931, um breyting á þeim lögum.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 9. desember 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Tryggvi Þórhallsson.